



Fundargerð hreppsnefndar 26. júní 2014

1. Fundur hreppsnefndar var haldinn fimmtudaginn 26. júní 2014 kl. 16:00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Víglundur Páll Einarsson, Hrund Snorradóttir og Magnús Róbertsson .

Jafnframt mættur Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Eyjólfur Sigurðsson, sem er sá kjörni fulltrúi sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn, setti fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og bauð nýja sveitarstjórnarmenn velkomna til starfa.

Að svo búnu var gengið til dagskrár.

1. Mál. Bréf kjörstjórnar Vopnafjarðarhrepps frá 3. júní sl.

Lagt fram bréf kjörstjórnar Vopnafjarðarhrepps frá 3. júní sl., en þar kemur fram að:“ Í sveitarstjórnarkosningum laugardaginn 31. maí 2014 voru þrír listar í framboði. B-listi Framsóknarfélags Vopnafjarðar og óháðara, D-listi Betra Sigtún og K-listi; listi félagshyggju. Á kjörskrá í Vopnafjarðarhreppi voru 542 kjósendur og kusu 87,8 %. Úrslit kosninganna urðu þannig að B-listinn fékk 178 atkvæði og 3 fulltrúa kjörna. D-listi fékk 164 atkvæði og 2 fulltrúa kjörna og K-listi fékk 118 atkvæði og 2 fulltrúa kjörna.

Auðir og ógildir seðlar voru 16.

Fulltrúar fyrir hvern lista eru sem hér segir:

B-listi Framsóknarflokks og óháðara Vopnafirði

Aðalmenn: Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir, Magnús Róbertsson

Varamenn: Víglundur Páll Einarsson, Sigríður Bragadóttir, Linda Björk Stefánsdóttir

D-listi Betra Sigtún

Aðalmenn: Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason

Varamenn: Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Steingrímur R. Árnason

K-listi, Listi félagshyggju

Aðalmenn: Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Konráðsdóttir

Varamenn: Einar B. Kristbergsson, Ásgrímur Guðnason

2. Mál. Kosning oddvita til eins árs.

Gengið var til kosninga um oddvita sveitarstjórnar til eins árs. Tillaga kom fram um Eyjólf Sigurðsson.

Engar aðrar tillögur komu fram.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum Stefáns, Friðriks, Sigríðar og Eyjólfss og 3 sátu hjá sem voru Hrund, Magnús og Víglundur.

Nýkjörinn oddviti Eyjólfur Sigurðsson hélt síðan áfram fundarstjórn, sem oddviti sveitarstjórnar.

3. Mál. Kosning varaoddvita til eins árs.

Gengið var til kosninga um varaoddvita sveitarstjórnar. Tillaga kom fram um Stefán Grím Rafnsson,

sem varaoddvita.

Engar aðrar tillögur komu fram.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt með 4 atkv. Eyjólfss, Sigríðar Friðriks og Stefáns. 3 sátu hjá, sem voru Hrund, Magnús og Víglundur.

4. Mál. Ráðning sveitarstjóra.

Við umfjöllun þessa málsliðar vék Þorsteinn Steinsson af fundi.

Oddviti gerði grein fyrir málinu og lagði fram svofellda tillögu: „Hreppsnefnd samþykkir að auglýsa starf sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps laust til umsóknar.

Jafnframt er oddvita falið að semja við fráfarandi sveitarstjóra um tímabundið starf hans meðan á auglýsingaferli stendur.“

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum og oddvita falið að fylgja auglýsingunni úr hlaði.

Jafnframt var oddvita falið að semja við fráfarandi sveitarstjóra um tímabundið starf hans meðan á auglýsingaferli stendur.

Þorsteinn mætti aftur til fundar.

5. Mál. Kosning aðal- og varafulltrúa í eftirtaldar nefndir:

Lagt fram bréf dags 9. júní sl., frá sveitarstjórnarmönnum framsóknarflokksins, þar sem gerð er tillaga að nefndarskipan nefnda sveitarfélagsins kjörtímabilið 2014-2018.

Jafnframt lögð fram tillaga meirihluta sveitarstjórnar að breytingum á samþykktum og skipan í nefndir sveitarfélagsins.

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu meirihlutans að breytingum á samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhrepps stendur til að kjósa aðal- og varamenn í eftirtaldar fastanefndir sveitarfélagsins:

1. Atvinnu og ferðamálanefnd: Aðalmenn 5, Varamenn 3
2. Félagsmála – og barnaverndarnefnd: Aðalmaður 1
3. Hafnarstjórn: Aðalmenn: 5, Varamenn: 5
4. Húsnæðisnefnd: Aðalmenn: 5, Varamenn: 5
5. Kjörstjórn: Aðalmenn: 3, Varamenn: 3
6. Landbúnaðarnefnd: Aðalmenn: 7, Varamenn: 7
7. Skipulags- og bygginganefnd: Aðalmenn: 7, Varamenn: 7
8. Fræðslunefnd: Aðalmenn: 5, Varamenn: 5
9. Þjónustuhópur aldraðra: Aðalmenn 5 Varamenn 3
10. Æskulýðs- og íþróttanefnd: Aðalmenn 5, Varamenn 3
11. Jafnréttis – og ferlinefnd: Aðalmenn 5, Varamenn 3
12. Menningarmálanefnd: Aðalmenn 5, Varamenn 5

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram svofellda frestunartillögu: “ Skv. 38. gr. samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps kys hreppsnefnd í nefndir á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Þar sem samþykktir eru til umræðu á þessum fyrsta fundi og ekki hefur verið ákveðið hvaða nefndir verða sameinaðar og starfræktar á kjörtímabilinu leggjum við til að afgreiðslu 5. máls verði frestað, að öðru leyti en því að kosinn verði aðalfulltrúi í félags og barnaverndarnefnd, til næsta fundar þegar nefndarskipan verður orðin ljós.“

Hrund Snorradóttir

Magnús Þór Róbertsson

Víglundur Páll Einarsson

Oddviti gerði grein fyrir fyrirliggjandi gögnum og fór yfir breytingartillögur meirihlutans að samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhrepps nr. 420/2014. Jafnframt var farið yfir bréf fulltrúa

minnihlutans um nefndarskipan frá 9. júní sl. Í máli oddvita kom m.a. fram að hann kallaði eftir góðri samvinnu allra flokka í þeirri vinnu sem framundan er í nýrri sveitarstjórn. Mikilvægt væri að vinna vel saman að því að gæta hagsmuna sveitarfélagsins sem best og með þeim hætti sjá til þess að þjónusta við íbúa og fyrirtæki yrði eins góð og frekast verður kosið á hverjum tíma. Talsverðar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum varðandi nefndarskipan. Farið var yfir mismunandi áherslur fundarmanna í þeim efnum. Oddviti kom fram með þá hugmynd hvort ekki væri skynsamlegt að fulltrúar sveitarstjórnar hittust á vinnufundi milli umræðna um nýjar samþykktir, þar sem reynt yrði að ná saman um sem flesta liði. Sú málsmeðferð var samþykkt samhljóða með 7 atkv.

Að umræðum loknum var gengið til atkvæða um frestunartillögu minnihlutans og var hún samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fram kom tillaga um að Ása Sigurðardóttir yrði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps í sameiginlegri félags- og barnaverndarnefnd.

Engin önnur tillaga kom fram og var hún samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Eftir kosningar halda fastanefndir umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum sbr. 12. gr.

Kjör í nýjar fastanefndir sveitarfélagsins að öðru leyti fer fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

6. Mál Samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar og sveitarstjórnarlög.

Gildandi samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar lögð fram til kynningar. Jafnframt var lagt fram eintak af sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, ásamt áorðnum breytingum.

Ennfremur farið yfir fyrirbyggjandi breytingartillögur meirihlutans, sem lá fyrir fundinum, samanber og tl. 5 hér að ofan. Nauðsynlegt er að gera breytingar við gildandi samþykktir til samræmis við breytingar á nefndarskipan og önnur atriði sbr. umfjöllun í næsta málslið hér að framan. Minnihluti hreppsnefndar lagði fram svofellda breytingartillögu við samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp:

„1. gr. Breytingartillaga: og tvo varaoddvita. Málsgreinin hlóðar þá svo með breytingum:

„Á fyrsta fundi kýs hreppsnefnd oddvita og tvo varaoddvita til eins árs. Kjósa skal fyrsta og annan varaoddvita til að gegna, í þeirri röð, störfum oddvita í forföllum hans.“

A.

2. gr.

1. Breytingartillaga: Atvinnu- og ferðamálanefnd sameinist menningarmálanefnd. Nefndin heiti Atvinnu- og menningarmálanefnd.

Starfsmaður nefndarinnar er fulltrúi menningararfs og ferðamála. Ferðamál eru atvinnuvegur eins og iðnaður, verslun, þjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður os.frv. og þurfa því ekki að vera sérstaklega tilgreind í nafni nefndarinnar.

4. Breytingartillaga: Húsnæðisnefnd verði sameinuð Jafnréttisnefnd og þjónustuhóp aldraða.

7. Breytingartillaga: Nefndin beri nafnið Skipulags- og umhverfisnefnd.

8. Breytingartillaga: Fræðslunefnd og íþrótt- og æskulýðsnefnd sameinist og verði kallaðar Fræðslu- og frístundanefnd.

9. Breytingartillaga: Þjónustuhópur aldraðara sameinist húsnæðisnefnd og jafnréttisnefnd.

10. Breytingartillaga: Æskulýðs- og íþróttamálafræðisnefnd sameinist Fræðslunefnd og beri nafnið Fræðslu- og frístundanefnd.

11. Breytingartillaga: Jafnréttisnefnd sameinist húsnæðisnefnd og þjónustuhópi aldraðara.

Ferlimálin verði hluti af verkefnum Skipulags- og umhverfisnefndar með fulltrúa frá Sjálfsbjörgu til ráðgjafar.

12. Breytingartillaga: Menningarmálanefnd sameinist Atvinnu- og ferðamálanefnd. Nefndin heiti Atvinnu- og menningarmálanefnd.

Breytingartillaga við 9. grein samþykktanna:

Eftirfarandi verði bætt aftast við greinina á eftir síðasta punkti: „Heimilt er að senda gögn vegna sveitarstjórnarfunda rafrænt til þeirra sveitarstjórnarmanna sem þess óska.“

Athugasemd vegna 16. greinar um fundarsköp og ritun fundargerða.

Skv. auglýsingu nr. 22/2013 um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna er í g. lið 4 gr. um efni fundargerða kveðið á um að í fundargerð skuli koma fram hverjir greiddu atvæði með máli, hverjir á móti og hverjir sátu hjá. Þetta hefur ekki tíðkast í fundargerðum hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps og er þess óskað að úr því verði bætt á þessu kjörtímabili.“

Hrund Snorradóttir
Magnús Þór Róbertsson
Víglundur Páll Einarsson.

Fyrirliggjandi breytingartillögur meiri -og minnihluta voru síðan ræddar og farið yfir möguleika á að samræma sjónarmið aðila.

Samþykktum um stjórn og fundarsköp Vopnafjarðarhrepps ásamt breytingartillögum var vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sú málsmeðferð var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. Mál. Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn.

Gerð var grein fyrir því að reynt yrði að koma á námskeiði fyrir sveitarstjórnarmenn annað hvort í gegnum Samtök sveitarfélaga á Austurlandi eða með öðrum sérstökum hætti. Áætlað er að slíkt námskeið verði haldið fljótlega eftir að sumarleyfi sveitarstjórnar líkur.

Oddviti hvatti til þess að fundarmenn myndu sækja slíkt námskeið þegar fyrir liggur hvenær það verður haldið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:20